

Miðvikudaginn 9. marz 1966.

Nr. 206/1965. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Halldóri Bóasi Jónssyni

(Eyjólfur Konráð Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Banaslys.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 7.000.00, og málflutningslaun verjanda hans fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Halldór Bóas Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 7.000.00, og málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Eyjólf Konráðs Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 30. apríl 1965.

Ár 1965, föstudaginn 30. apríl, var í sakadómi Hafnarfjarðar, sem haldinn var í skrifstofu embættisins af Gunnari Sæmundssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 116/1965: Ákærvaldið gegn Halldóri Bóasi Jónssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. þ. m., er með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 17. febrúar 1965, höfðað gegn Halldóri Bóasi Jónssyni verkstjóra, Hellisgötu 27, Hafnarfirði, fyrir að hafa um kl. 1730 þriðjudaginn 10. nóvember 1964 ekið bifreiðinni R 16046 suður Reykjanesbraut án nægilegrar varkárni gegnt biðskýlinu við Ásgarð í Garðahreppi og of hratt miðað við aðstæður í sama mund og strætisvagn ók þaðan af stað eftir viðstöðu með þeim afleiðingum, að 76 ára gömul kona, Leopoldína Halldórsdóttir, Garðaflöt 5 í Garðahreppi, sem var á leið yfir Reykjanesbrautina úr nefndum strætisvagni, varð fyrir hægra framhorni bifreiðar ákærða og slasaðist svo, að hún beið þegar bana. Myrkur var, og á móti bifreið ákærða var ekið bifreiðum með fullum ljósum.

Telst þetta varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. og 1. mgr., 2. mgr. og a-, b-, g- og k-liði 3. mgr. 49. gr. sbr. 80 gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 29. ágúst 1931 á Akureyri, og hefur ekki áður sætt ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Málavextir eru þessir:

Þriðjudaginn 10. nóvember 1964 kl. 1730 var tilkynnt til lögreglunnar í Hafnarfirði frá biðskýlinu við Ásgarð í Garðahreppi, að umferðarslys hefði orðið á Reykjanesbraut móts við biðskýlið. Tveir lögreglumenn fóru á vettvang, og jafnframt voru sjúkrabifreið og læknir kvödd til. Er lögreglumennirnir komu á vettvang, var sjúkrabifreiðin komin á stað til Reykjavíkur með konuna Leodoldínu Halldórsdóttur, sem þarna hafði orðið fyrir bifreiðinni R 16046, en læknirinn kom á staðinn skömmu á eftir lögreglunni. Bifreiðin R 16046 stóð eins og hún hafði stöðvazt eftir slysið, og ökumaður hennar, ákærði í máli þessu, var á vettvangi, er lögreglumennirnir komu þar. Bifreiðin hafði verið á leið suður Reykjanesbraut, en konan á leið yfir götuna frá vestari vegarbrún. Lögreglumennirnir gerðu uppdrátt af vettvangi og létu taka ljósmyndir. Blóðsýnishorn var tekið úr ökumanni til alkóhólákvörðunar, þótt ekki væri sérstakur grunur um áfengisneyzlu. Lögreglumaður ók R 16046 að lögreglustöðinni, þar sem hún var skoðuð af bifreiðaeftirlitsmanni. Sjáanlegar skemmdir á bifreiðinni voru þær, að hægra framaurbretti var dældað ásamt hring við ljósker. Kl. 1805 var tilkynnt frá

slysavarðstofunni, að konan, sem varð fyrir bifreiðinni, væri látin.

Begar slysið varð, var myrkur, en veður bjart og færi þurrt. Konan, sem þarna fórst, Leopoldína Halldórsdóttir, var fædd 4. janúar 1888 og átti heima að Garðafli 5 í Garðahreppi.

Við yfirheyrslu hér fyrir dómi hefur ákærði skýrt svo frá, að milli kl. 1700 og 1800 þetta kvöld hafi hann verið á heimleið frá vinnu sinni í Kópavogi á bifreiðinni R 16046, sem hann var þá í þann veginn að kaupa, og ekið suður Reykjanesbraut. Er ákærði nálgast biðskýlið við Ásgarð, kvaðst hann ekki hafa verið á mikilli ferð, en kvaðst ekki treysta sér til að áætla hraðann. Ákærði kvaðst hafa verið vel fyrirhallaður við aksturinn. Nóttina áður kvaðst hann hafa sofið frá kl. um 0200 til kl. um 0730 og áfengis hefði hann ekki neytt í marga mánuði. Ákærði kvaðst hafa verið einn í bifreiðinni og haft hugann við aksturinn. Athyglinni kvaðst hann hafa beint að umferðinni, sem kom á móti, og eins að biðskýlinu, þar sem jafnan er von á fólki. Vegna umferðar á móti kvað ákærði ljós bifreiðarinnar hafa verið stillt á lægri geislann. Rétt áður en ákærði kom á móts við biðskýlið, kvaðst hann hafa mætt bifreið, en kvað sér ekki ljóst, hvort nokkuð var athugavert við ljós þeirrar bifreiðar. Er sú bifreið var komin á hlið við hans bifreið, og ljósin á hans bifreið fóru að njóta sín til fulls, kvaðst ákærði hafa séð konu alveg fyrir framan bifreiðina, og í sama bili lenti hægra framhorn bifreiðarinnar á konunni, sem síðan barst með bifreiðinni, framan á henni, unz hún stöðvaðist, en kastaðist þá fram á við í götuna. Ákærði kvaðst ekki geta sagt um, hvaðan konan kom, en kvað sér finnast hún hlyti að hafa komið yfir götuna í átt að biðskýlinu, því að ella hefði hann átt að sjá hana fyrr. Ákærði kvaðst hafa hemlað með fullu átaki, strax og hann varð konunnar var, og ekki sleppt hemilfetlinum, fyrr en bifreiðin stöðvaðist. Strax og bifreiðin stöðvaðist, kvaðst ákærði hafa hlaupið að biðskýlinu og beðið um að hringt yrði á lögreglu og til að athuga um að fá teppi til að breiða yfir konuna. Hann kvað mann, sem kom þarna, hafa breitt yfir konuna, en sjálfur hefði hann snúið sér að því að vernda verksummerki, unz lögreglan kæmi. Ákærði taldi, að eftir slysið hefði konan legið 7—9 metra fyrir framan bifreiðina, höfuð hennar um 2 fet frá jaðri malbiksins, en líkami hennar legið á ská inn á brautina, þannig að fæturnir voru næst bifreiðinni. Ákærði hefur meira bifreiðarstjórapróf, og er ökuskírteini hans fyrst útgefið á Akureyri 31. ágúst 1949.

Samkvæmt vettvangsuppdrætti Björns Jónssonar lögregluþjóns mældust hemlafor eftir R 16046 um 12 metra löng. Ljósmyndir af vettvangi bera með sér, að þau eru eftir öll hjól bifreiðarinnar og virðast jöfn. Björn hefur komið fyrir dóm sem vitni í máli þessu og staðfest uppdrátt sinn. Vitnið ók R 16046 að lögreglustöðinni og kvað sér hafa fundizt bifreiðin þung í stýri, en gat þess jafnframt, að hann hefði ekki áður ekið bifreið af þessari gerð. Vitnið kvað slettudropa frá öðrum bifreiðum hafa verið á framrúðu bifreiðarinnar, er hann settist undir stýri hennar, en kvað sér ekki hafa virzt þeir draga verulega úr útsýni.

Vitnið Guðmundur Stefán Jónsson lögregluþjónn hefur hér fyrir dómi staðfest skýrslu sína, sem atvikalýsingin í upphafi máls þessa er byggð á. Vitnið kvaðst hafa unnið að mælingum á vettvangi með vitninu Birni og staðfesti, að uppdráttur Björns væri réttur.

Páll Ingimarsson bifreiðaeftirlitsmaður, sem skoðaði bifreiðina eftir slysið, hefur gefið vottorð um skoðun sína og staðfest það fyrir dómi. Í vottorðinu segir m. a. svo: „.... Við skoðun og reynslu á stjórn- og öryggistækjum reyndist bifreiðin í fullkomnu lagi að undanteknu, að hemlaljós virkuðu ekki. Skoðunarvottorð vantaði í bifreiðina.

Bifreiðin R 16046 er fólksbifreið, Fíat, ángerð 1959, með vökva-hemlaútbúnaði og vinstri hliðar stýri“

Vitnið Hörður Runólfsson kom hér fyrir dóm sama kvöld og slysið varð. Hann skýrði svo frá, að um kl. 1720 um kvöldið hefði hann komið að biðskýlinu við Ásgarð að bíða eftir strætisvagni til Hafnarfjarðar. Um kl. 1730 kvaðst vitnið hafa staðið framan við biðskýlið og séð, er strætisvagn kom frá Hafnarfirði og stanzaði handan götunnar. Vitnið kvaðst hafa séð mann, sem hann taldi hafa komið með vagninum, koma yfir götuna aftan við vagninn, meðan hann stóð við, og er vagninn hélt af stað, sá vitnið konu, sem í sama mund lagði af stað yfir götuna í átt að skýlinu. Vitnið kvað konuna hafa stanzað, áður en hún var komin út á miðja götuna, og hleypt tveim bifreiðum, sem komu að norðan, fram hjá, en síðan haldið áfram. Í sama bili kvað vitnið þriðju bifreiðina hafa borið að, og er konan var komin rúmlega yfir miðja götuna, skall sú bifreið á henni. Vitnið kvað konuna hafa verið dökkklædda og taldi, að ökumaður bifreiðarinnar hefði ekki séð hana, fyrr en í sama bili og slysið varð, því að hann hefði hvorki hemlað né reynt að sveigja frá henni inn á planið framan við biðskýlið, fyrr en í sama bili og bifreiðin lenti

á konunni, en þá hemlaði hann. Vitnið kvað konuna svo hafa borizt framan á bifreiðinni, unz hún stöðvaðist, en þá kastzt frá henni fram á veginn. Vitnið kvaðst þá strax hafa farið inn í biðskýlið að láta hringja á lögreglu og sjúkrabifreið, en er hann kom út aftur, kvaðst hann hafa snúið sér að því að vernda verksummerki. Vitnið sá konuna, er hann kom aftur út úr skýlinu og kvaðst þá ekki hafa séð lífsmark með henni. Vitnið kvað enga bifreið hafa komið sunnan veginn, frá því að strætisvagninn lagði af stað og þar til slysið varð. Ekki kvaðst vitnið geta sagt um það, hve langt strætisvagninn var kominn, er slysið varð, en kvaðst geta trúað, að hann hefði verið kominn á mótis við Vífilsstaðaafleggjarann.

Vitnið Guðríður Valva Gísladóttir, 10 ára, kvaðst í umrætt skipti hafa verið stödd í biðskýlinu við Ásgarð og horft út um gluggann. Hún kvaðst hafa séð strætisvagn, sem kom frá Hafnarfirði, stanza handan götunnar og síðan, að kona gekk út á götuna aftan við vagninn, sem lagði af stað í sama mund. Vitnið kvaðst svo hafa séð, er bifreið, sem kom norðan veginn, rakst á konuna og bar hana með sér spölkorn. Er bifreiðin stöðvaðist, rann konan fram af vélarhúslokinu og féll í götuna. Vitnið kvaðst ekki hafa veitt því athygli, að aðrar bifreiðar en þessi færu fram hjá á suðurleið, meðan konan var að ganga yfir götuna.

Vitnið Guðbjörn Magnússon kvaðst í umrætt skipti hafa verið á leið suður Reykjanesbraut á bifreiðinni R 2197. Hann kvaðst telja, að hann hefði ekið með um 60 km. hraða suður beina kaflann innan við Silfurtún og haldið svipaðri ferð suður undir Vífilsstaðaafleggjarann. Vitnið taldi, að heldur hefði dregið saman með sinni bifreið og næstu bifreið á undan, sem reyndist vera R 16046. Vitnið kvaðst svo hafa séð skugga á leið yfir veginn í ljósum bifreiðar, sem kom á móti, og kvað sér hafa virzt skugginn á töluverðri ferð. Í sama mund kvað vitnið bifreiðina á undan sér hafa snarhemlað, og kvaðst vitnið hafa séð glampa, sem sennilega hafi stafað af því, að ljós frá bifreiðinni féll á konuna, og eins sá vitnið, að ryk kom frá hægri bretti bifreiðarinnar. Vitnið kvaðst þó í slysaaugnablikinu ekki hafa sett þetta í samband við skuggann, heldur hefði sér fyrst dottið í hug, að bifreiðin hefði lent aftan á næstu bifreið á undan. Í því sambandi gat vitnið þess, að sér fyndist, að bifreið hefði verið á undan R 16046 og kvaðst hafa á tilfinningunni, að það hefði verið mjög lítill bíll, e. t. v. Austin mini, og kvað vitnið sér í fyrstu hafa

fundizt, að sá, er skugginn var af, mundi hafa komizt yfir götuna milli bílanna.

Vitnið Bjarni Össur Jónasson kvaðst umrætt kvöld hafa farið frá Hafnarfirði með strætisvagni, sem lagði af stað kl. 1710, áleiðis heim til sín. Vitnið kvaðst hafa farið úr vagninum við biðskýlið við Ásgarð og gengið aftur fyrir hann. Eftir að hafa gætt að umferð til beggja handa, kvaðst vitnið hafa gengið yfir götuna og síðan suður eystri malarkantinn. Vitnið kvaðst hafa orðið þess vart, að kona fór úr vagninum þarna á sama stað og kvaðst telja, að hún hefði gengið fram með vagninum og síðan sennilega beðið, unz vagninn fór af stað. Vitnið kvaðst svo allt í einu hafa heyrt neyðaróp og skerandi hemlahljóð frá bifreið og snúið sér við, þar sem hann gekk suður vegbrúnina. Kvaðst hann þá hafa séð þúst úti á akbrautinni fyrir aftan sig og gengið að henni. Vitnið kvaðst hafa séð, að þetta var kona, sem hann ekki þekkti, en fannst hann kannast við sem konu þá, sem komið hafði með sama vagni og hann og áður er getið. Vitnið kvað konuna hafa verið meðvitundarlaus, er hann kom að. Hann kvaðst svo hafa verið þarna næstaddur, þar til hún var sett í sjúkrabifreiðina og hefði hún ekki komið til meðvitundar á þeim tíma. Vitnið kvaðst hafa breitt úlpu sína yfir konuna og fengið konu, sem kom þarna að, til að sækja teppi, sem hann hagræddi um konuna til að verja hana kulda. Vitnið kvað konuna hafa legið með höfuðið út við mót malbiks og malarkants og fætur hennar vísað örlítið á ská í átt að bifreiðinni. Andlit konunnar kvað vitnið hafa snúið upp og til vinstri hliðar og hægri hönd hefði verið útrétt.

Vitnið Richard Henry Richardsson, sem ók sjúkrabifreið 5 á vettvang, kvað konuna hafa legið spölkorn fyrir framan bifreið þá, sem talin var hafa ekið á hana, og hefði höfuðið snúið út að brún malbiksins, en fæturnir inn á veginn, aðeins á ská í átt að bifreiðinni. Vitnið kvað konuna hafa verið dökkklædda, en búið var að dúða hana í teppi, er vitnið kom á vettvang. Ekki kvaðst vitnið hafa séð lífsmark með konunni, er hann og félagi hans tóku hana í sjúkrakörfuna.

Vitnið Lárus Óskar Gamalielsson, sem fór með vitninu Richard Henry á vettvang, hefur lýst aðkomunni mjög á sama veg og Richard Henry. Vitnið kvaðst hafa verið aftur í sjúkrabifreiðinni hjá konunni á leiðinni að slysavarðstofunni og kvaðst hvorki hafa séð hana bæra á sér né gefa frá sér hljóð. Á slysavarð-

stofunni gaf lækni, sem var á verði, þann úrskurð, að konan væri látin. Vitnið kvað sig minna, að sjúkrabifreiðin væri kölluð út kl. rúmlega 1730 og að hún væri komin að slysavarðstofunni um kl. 1750. Vitnið kvað konuna hafa verið klædda mjög dökkri kápu.

Ólafur Bjarnason yfirlæknir framkvæmdi réttarkrufningu á líki Leopoldínu og hefur gefið skýrslu um krufninguna. Skýrslunni lýkur með svohljóðandi ályktun:

„Við krufninguna fannst hálsinn brotinn og heilastofn í sundur á mótum mænukylfu og heilabráar. Auk þess fannst opið brot á framhandlegg, brot á öllum rifjum v. megin og fimm efstu rifjum h. megin, mjaðmargrindarbrott, mjaðmarbrott v. megin og þverbrott á báðum pípum v. fótleggjar. Ofangreindir áverkar munu nær samstundis hafa valdið dauða konunnar.“

Í blóðsýnishorni því, sem tekið var úr ákærða í umrætt skipti, fundust engin reducerandi efni, sem samsvari alkóhóli.

Af hálfu ákærða er því haldið fram í máli þessu, að ákærði hafi við aksturinn í umrætt skipti sýnt ýrtruðu aðgæzlu, en hin látna á hinn bóginn sýnt óvenjulega óvarkárni. Á þessa skoðun verður ekki fallið nema að takmörkuðu leyti. Það er að vísu ljóst af framburðum vitna, að verulega hefur skort á næga aðgæzlu af hálfu Leopoldínu heitinnar, er hún lagði af stað yfir fjölfarna götu, eftir að skuggsýnt var orðið, án þess að geta vegna umferðar komið örugglega yfir hana án viðstöðu.

Á hinn bóginn verður að telja, að akstri ákærða í umrætt skipti hafi verið mjög áfátt. Þar, sem slysið varð, er þéttbýli beggja vegna vegar og hámarkshraði ökutækja 45 km. miðað við klukkustund. Ekki er sannað, að ákærði hafi í umrætt skipti ekið hraðar en á hámarkshraða, þótt vætti Guðbjörns Magnússonar og 12 metra löng hemlafi eftir öll hjól bifreiðarinnar bendi til þess, en augljóst er af lengd hemlafaranna, að miðað við aðstæður hefur ákærði ekið til muna of hratt. Er þá einkum haft í huga, að skuggsýnt var, umferð á móti og að ákærði nálgadist biðstöð strætisvagna, þar sem strætisvagn hafði skömmu áður numið staðar og hleypt út farþegum og þar sem jafnan má búast við umferð gangandi fólks yfir veginn. Meginorsök slyssins virðist þó aðgæzluskortur ákærða við aksturinn. Hann kveðst ekki hafa veitt athygli strætisvagninum, sem samkvæmt vætti vitna var nýlega lagður af stað frá biðstöðinni, og ekki heldur, fyrr en í sama bili og slysið varð, Leopoldínu heitinni, sem var á leið yfir upplýsta götuna fram undan bifreið

hans, þótt ökumaður næstu bifreiðar á eftir væri þá búinn að skynja för hennar. Loks féllust ákærða hendur, er hann varð konunnar var, og verður ekki séð, að hann hafi reynt að sveigja frá konunni. Með greindu atferli hefur ákærði gerzt brotlegur við 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. og 1. mgr., 2. mgr. og a-, b-, g- og k-liði 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og þegar litið er til afleiðinga slyssins, einnig 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 215. gr. almennra hegningarlaga og 80. gr. umferðarlaga hæfilega ákveðin 8.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Svipta ber ákærða ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga, og þykir sviptingartíminn hæfilega ákveðinn 18 mánuðir frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Jóns Magnússonar héraðsdómslögmanns, kr. 6.000.00.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Halldór Bóas Jónsson, greiði 8.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann er frá birtingu dóms þessa að telja sviptur ökuleyfi í 18 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Magnússonar héraðsdómslögmanns, kr. 6.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.
